Nr. 15.
4.
nóvbr.

# Lög

um

endurborgun á skuldakröfum landssjóðs.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, **Vinda og Gauta,** hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, **Stórmæri, Þjettmerski,** Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Allar leigur af skuld nokkurra hreppa í Snæfellsnessýslu fyrir kornlán, er veitt var 1861—62 af hinum fyrra íslenzka styrktarsjóði, og sem óborgaðar voru 31. des. 1879, að upphæð (1,193 kr. 30 a. + 284 kr. 14 a.) samtals 1,477 kr. 44 a., skulu gefnar upp, en skuldin sjálf 3,551 kr. 68 a. ásamt leigum þar af frá 1. jan. 1880 sje greidd að fullu með 6 % árl. á næstkomandi 28 árum.

2. grein.

Sömuleiðis skal sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu endurgjalda eptirstöðvar af kostnaði þeim, er sýslan átti að greiða til útrýmingar fjárkláðanum 955 kr. 19 a. með 6 % á ári hverju í 28 ár eða 57 kr. 31 a.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 4. dag nóvbrm. 1881.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

# Lov

Nr. 15.
4de
Novbr.

om

## Tilbagebetaling af Landskassens Gjældsfordringer.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg.

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Samtlige Renter af de forskjellige Repper i Snæfellsnes Syssel af den forrige islandske Understøttelsesfond i 1861—62 bevilgede Kornlaan, som resterede den 31te December 1879, til Beløb (1,193 Kr. 30 Ø. + 284 Kr. 14 Ø.) ialt 1,477 Kr. 44 Ø., eftergives, hvorimod den resterende Laanekapital 3,551 Kr. 68 Ø med Renter fra 1ste Januar 1880 bliver at tilbagebetale fuldt ud med 6 pCt. aarlig i næstkommende 28 Aar.

§ 2.

Ligeledes skal Borgarfjords Syssels Sysselforstanderskab tilbagebetale Restancerne af de Sysselet paahvilende Udgifter til Udryddelse af Faareskaben 955 Kr. 19 Ø. med 6 pCt. aarlig i 28 Aar eller 57 Kr. 31 Ø.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 4de November 1881.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*